

Fundargerð 46. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 16. apríl kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Arnór Benónýsson, Árni Eiríksson, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Skarphéðinn Orri Björnsson og Stefán Bogi Sveinsson.

Að auki sat fundinn: Jóhannes Á Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Díana Hilmarsdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kvörtun til ESA vegna skattaávilnunar til raforkufyrirtækja - 2101002SO

Lagt fram til kynningar og umræðu drög að erindi til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Guðjón Bragason, sviðsstjóri velferðar- og lögfræðisvið sambands kemur á fundinn og fer yfir málin.

Guðjón fór yfir bókun stjórnar sambandsins og drög að erindi til ESA.

Stjórnin samþykkir samhljóða að senda inn kvörtun til ESA og að veita Jóni Jónssyni hrl., hjá Sókn Lögmannsstofu, umboð til þess að setja fram kvörtun til ESA og annast samskipti við ESA vegna málsins.

Fram kom að kostnaður sé á bilinu 700 - 900 þús. Formanni er falið að senda erindi til Sambandsins og óska eftir því að sambandið borgi kostnað umfram 500 þús.

2. Orkufundur 2021 - 2101001SO

Ræða undirbúning vegna Orkufundar 2021. Lagt fram til kynningar drög að dagskrá.

Stjórn samþykkir dagskrá Orkufundar 2021 sem haldinn verður í Ráðhúsi Ölfuss 28. maí undir yfirskriftinni Orka og matvælaframleiðsla.

Fundi var slitið kl. 12:00

Ása Valdís Árnadóttir

Arnór Benónýsson

Árni Eiríksson

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Gunnþórunn Ingólfisdóttir

Skarphéðinn Orri Björnsson

Stefán Bogi Sveinsson